

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B1-5

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 2273-2274 í B-deild 2002.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 1-5

Nr. 1-34

2003

Efnisyfirlit B 1-5 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	2. jan.	Reglugerð um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsporski 2003, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands ...	1-3
2	2. jan.	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	3-5
3	3. jan.	Auglýsing um lok banns við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki	5-6
4	7. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997	7-8
5	7. jan.	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu og á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	8-9
6	8. jan.	Reglur um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2003	10-15
7	8. jan.	Reglur um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2003	16-22
8	7. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík	23
9	10. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014, Kúagerði	24
10	14. jan.	Auglýsing um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík	25
11	9. jan.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	25-26
12	3. jan.	Auglýsing um endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa .	27-28
13	8. jan.	Reglugerð um skil á staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds	28-31
14	2. jan.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Stafafellsfjöllum í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði	31
15	9. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 916/2001 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	32
16	8. jan.	Auglýsing um umferð í Stykkishólmi	32-33
17	9. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001	33
18	9. jan.	Reglur um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2003	33-34
19	9. jan.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Grindavík	34
20	8. jan.	Auglýsing fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2003	35
21	2. jan.	Auglýsing um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagskrá	35
22	8. jan.	Gjaldskrá Akureyrarbæjar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum	35-37
23	3. jan.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 1/2003 um skilafresti á árinu 2003 fyrir launaskýrslur og fleira skv. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt	37-38
24	8. jan.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 2/2003 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	38

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2003.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2003 verður 25,75%. Meðalútsvar á árinu 2003, samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna, verður 12,80%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2003 verður því 38,55%.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2002.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

REGLUR

um gjaldeyrismarkað.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 18. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. og ákvæði 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

1. gr.

Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.

Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri (markaðsaðilar) geta þeir orðið, auk Seðlabanka Íslands, sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 679/1994, enda taki þeir á sig ábyrgð og skyldur viðskiptavaka með Bandaríkjadal gagnvart íslenskri krónu samkvæmt ákvæðum þessara reglna. Nefndir aðilar auk ríkissjóðs hafa einir rétt til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann.

Sækja þarf skriflega til Seðlabanka Íslands um að verða viðskiptavaki á gjaldeyrismarkaði skv. reglum þessum. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við fullbúinni umsókn innan eins mánaðar frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það öllum aðilum á markaðnum fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn viðskiptavaka er fjallað í 13. gr.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka.

Viðskiptavaka er skylt að gefa upp bindandi kaup- og söluverð Bandaríkjadals ef annar markaðsaðili óskar þess. Sé fjárhæð eigi tilgreind skal viðskiptavaki miða við 1.500.000 Bandaríkjadali, og er honum skylt að eiga viðskipti fyrir þá fjárhæð á tilgreindu verði. Hafi markaðsaðili aðra fjárhæð í huga skal hann tilgreina hana, en þarf ekki að segja til um hvort hann vill kaupa eða selja. Viðskiptavaka er ekki skylt að láta uppi verð fyrir aðra fjárhæð en 1.500.000 Bandaríkjadali. Seðlabanki Íslands er undanþeginn þessu ákvæði og getur átt viðskipti við viðskiptavaka utan hefðbundins markaðstíma skv. 3. gr.

Endurprentað blað.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár.

Jarðir:

1. Landmannaafreittur	-
2. Merkihvoll	115,518
3. Næfurholt/Hólar	219,442
4. Galtalækur	105,235
5. Leirubakki, Vatnagarðar, Réttarnes	238,193
6. Haukadalur	53,359
7. Svínhagi	243,143
8. Stóru-Vellir	67,984
9. Húsagarður	112,055
10. Bolholt	142,363
11. Hrólfsstaðahellir	145,466
12. Kaldbakur/Pingskálar	167,461
13. Tjörfastaðir	64,661
14. Kaldbakur	130,320
15. Bjalli, Efra-Sel, Neðra-Sel	115,785
16. Lunaðsholt	2,172
17. Lækjarbotnar	1,713
18. Holtsmúli	0,057
19. Heiði	96,551
20. Austvaðsholt	116,444
21. Snjallsteinshöfði	121,923
22. Geldingalækur	210,897
23. Ketilhúsahagi	5,990
24. Árbakki	79,773
25. Árbær, Árbæjarhjáleiga, Breiðibakki, Árbæjarhellir	727,314
26. Heiðarbrún	248,830
27. Helluvað I-III, Nes	1.099,479
28. Ægissíða I-IV	1.616,753
29. Gaddstaðir	1.231,718
30. Selalækur	204,837
31. Selalækur/Oddahverfi	182,976
32. Hrafnatóftir I-II	732,378
33. Oddahverfi	239,433
34. Bjóla/Bjóluhjáleiga	530,102
35. Þykkvibær	629,675
Samtals	10.000

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 2003

2. janúar 2003

1

Nr. 1

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2003, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2. gr.

Allar veiðar á Norðurishafsporski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsporski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðurishafsporski, á árinu 2003, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 3.660 tonn af þorski, auk 1.098 tonna aukaafra af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.287 tonn af þorski, auk 686 tonna aukaafra af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafra, miðað við afla upp úr sjó.

5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiði-

skipum, svæðalokanir og möskvastærðir. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum er óheimilt að hefja veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en að fenginni staðfestingu Fiskistofu um að þeim sé það heimilt og frá hvaða tíma.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark í Norðuríshafsporski.

7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina.

8. gr.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar á Norðuríshafsporski og innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Fyrir upphaf hvernar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðuríshafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. janúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr.:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „400“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 500.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „200“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 250.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „100“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 150.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr.:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.100“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.400.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „500“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 600.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „300“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 400.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr.:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.100“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.400.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „400“ í 1. másl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. kemur: 500.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „300“ í 2. másl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. kemur: 400.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „1.600“ í a-lið 2. tölul. 1. mgr. kemur: 2.000.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „600“ í 1. másl. b-liðar 2. tölul. 1. mgr. kemur: 750.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „400“ í 2. másl. b-liðar 2. tölul. 1. mgr. kemur: 500.

4. gr.

Á eftir 4. gr. kemur ný grein sem verður 5. gr. reglugerðarinnar og breytast númer annarra greina reglugerðarinnar í samræmi við það, greinin orðast svo:

5. gr.

Greiðsla sjúkratryggðra fyrir aðra þjónustu á heilsugæslustöð.

Sjúkratryggðir skulu greiða fyrir bólusetningar (hvern skammt) á heilsugæslustöð sem hér segir:

1. Blóðmauraheilabólga kr. 3.400.
2. Heilahimnubólga (meningococca)
 - a. fjölvirkt fjölsykrubóluefni kr. 3.500.
 - b. prótínbóluefni gegn stofni C (18 ára og eldri) kr. 3.200.
3. Hettusótt kr. 4.700.
4. Hlaupabóla kr. 6.100.
5. Hundæði kr. 6.500.
6. Inflúensa kr. 600.
7. Japönsk heilabólga kr. 2.900.
8. Kólera (bóluefni til inntöku) kr. 2.100.
9. Lifrabólga A 720 ein/ml kr. 2.700.
10. Lifrabólga A 1400 ein/ml kr. 4.100.
11. Lifrabólga B kr. 2.700.
12. Lifrabólga B fyrir börn kr. 2.100.
13. Lifrabólga A og B kr. 5.300.
14. Lifrabólga A og B fyrir börn kr. 3.800.
15. Lungnabólga kr. 1.500.
16. Mislingar kr. 1.500.
17. Stífkrampi og barnaveiki fyrir fullorðna kr. 700.
18. Taugaveiki kr. 2.300.

Gjöld skv. 1. mgr. skulu greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 2. og 3. gr. Gjöldin skulu einnig greidd í heimahjúkrun. Ekkert gjald er greitt fyrir ung barnavernd og heilsugæslu í skólum, sbr. 3. mgr. 2. gr. Þá er ekki greitt gjald fyrir bólusetningar við stífkrampa, mænu-sótt, rauðum hundum og MMR (mislingar+hettusótt+rauðir hundar).

Auk komugjalda skv. 2. og 3. gr. skulu sjúkratryggðir greiða gjald fyrir aðra þjónustu en greinir í 1. mgr. sem hér segir:

1. Þungunarpróf kr. 400.
2. Streptokokkarannsóknir kr. 500.
3. Lyfjaleit í þvagi kr. 1.600.
4. Lykkja (t) kr. 2.000.
5. Hormónalykkja kr. 14.300.
6. Foreldrafræðsla, kvöldnámskeið kr. 6000.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr., sem verður 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.600“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 2.100
- b. Í stað fjárhæðarinnar „500“ í 1. másl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. kemur: 700.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „250“ í 2. másl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. kemur: 350.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 8. gr., sem verður 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „200“ í a-lið 1. tölul. 2. mgr. kemur: 250.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „100“ í b-lið 1. tölul. 2. mgr. kemur: 150.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „700“ í a-lið 2. tölul. 2. mgr. kemur: 900.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „300“ í b-lið 2. tölul. 2. mgr. kemur: 400.

- e. Í stað fjárhæðarinnar „700“ í a-lið 3. tölul. 2. mgr. kemur: 900.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „300“ í b-lið 3. tölul. 2. mgr. kemur: 400.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „1.000“ í a-lið 4. tölul. 2. mgr. kemur: 1.300.
- h. Í stað fjárhæðarinnar „400“ í b-lið 4. tölul. 2. mgr. kemur: 500.
- i. Í stað fjárhæðarinnar „500“ í a-lið 5. tölul. 2. mgr. kemur: 700.
- j. Í stað fjárhæðarinnar „250“ í b-lið 5. tölul. 2. mgr. kemur: 350.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „2.400“ í 11. gr., sem verður 12. gr. reglugerðarinnar, kemur: 3.300.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr., sem verður 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „2.000“ í 1. másl. kemur: 2.200.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „500“ í 2. másl. kemur: 550.

9. gr.

Í 1. másl. 15. gr., sem verður 16. gr. reglugerðarinnar, kemur á eftir orðunum „og 20. gr.“ orðin „, 20. gr. og 35. gr. a“.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. og 35. gr. a laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 15. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. janúar 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um lok banns við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að nú liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er fellt úr gildi bann landbúnaðarráðuneytisins á innflutningi frá Danmörku á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Danmörku, sem sett var með auglýsingu nr. 863/2002.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi auglýsing nr. 863/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. janúar 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 2003

7. janúar 2003

7

Nr. 4

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Á eftir 56. gr. komi grein, 56. gr. a, er orðist svo:

Áður en fullnaðarskírteini er gefið út eða bráðabirgðaskírteini er endurnýjað skal ökumaður fara í akstursmat, sbr. ákvæði VIII. viðauka. Í akstursmati felst að kannað er hvort mat ökumanns á eigin aksturshæfni, akstursháttum og öryggi í umferðinni er í samræmi við raunverulega getu hans.

Hafi ökumaður haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár og ekki á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn um fullnaðarskírteini fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota getur hann fengið útgefið fullnaðarskírteini enda fari hann áður í akstursmat, sbr. 1. mgr.

Akstursmat má við útgáfu ökuskírteinis ekki vera eldra en sex mánaða. Fari ökumaður í akstursmat, þarf að líða mánuður þar til ökumaður má fara í akstursmat að nýju.

2. gr.

84. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 249 27. mars 2002, breytist þannig:

- a. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
Fyrir hvert akstursmat skal greiða sérstakt gjald samkvæmt gjaldskrá þess aðila er annast akstursmatið.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Gjöld fyrir próf og akstursmat.**

3. gr.

Á eftir VII. viðauka kemur nýr viðauki, svohljóðandi:

VIII. VIÐAUKI Akstursmat.

1. Markmið.

Markmið akstursmats er að ökumaðurinn geri sér grein fyrir hæfni sinni og getu í umferðinni með tilliti til umferðaröryggis.

2. Tilhögun.

Akstursmat fer þannig fram að ökumaður lýsir fyrir ökukennara eigin mati á aksturshæfni sinni og öryggi í umferðinni. Að því loknu skal ökumaður aka og skal ökukennari

fylgjast með akstrinum og skrá hjá sér athugasemdir um þau atriði sem hann telur jákvæð og neikvæð í akstrinum.

Aksturinn skal fara fram þar sem reynir á sem flesta þætti sem upp geta komið í daglegri umferð. Hæfni ökumanns í umferð skal metin á vegum í þéttbýli, við mismikinn umferðarþunga, þar sem akstursskilyrði geta talist dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanna, þannig að verulega reyni á ökuhæfni ökumannsins. Ökukennarinn ákveður hluta akstursleiðarinnar og hluta ákveður ökumaðurinn.

Að akstrinum loknum lýsir ökumaðurinn fyrir ökukennaranum hvernig honum finnst að sér hafi til tekist og hvað hefði betur mátt fara. Ökukennarinn ber lýsingu ökumannsins saman við sínar niðurstöður og ræðir misræmi sem kann að vera þar á við ökumanninn. Að því loknu gefur ökukennarinn umsögn um hæfni ökumannsins.

Gert er ráð fyrir að akstursmat taki 50 mínútur, þar af aksturinn 30 mínútur og úrvinnsla og niðurstaða 15 mínútur þar sem ökumaðurinn og ökukennarinn ræða hvernig bæta megi öryggi ökumannsins.

3. Umsjón.

Löggiltir ökukennarar annast akstursmat. Umferðarstofa setur reglur um akstursmat, meðal annars um þjálfun ökukennara, gefur út nánari leiðbeiningar um framkvæmd þess og annast eftirlit með framkvæmdinni.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 83/2002 og 5. gr. laga nr. 138/1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. janúar 2003.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu og á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Litlibær og Arnargata 8 (Eyvík).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. desember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Litlabæ og Arnargötu 8 (Eyvík).

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Háaleitisbraut 41-43.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, þann 10. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Háaleitisbraut 41-43.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grjótaþorp, Aðalstræti 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. desember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grjótaþorp, Aðalstræti 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt, Grænlandsleið 1-27 og 2-20.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. desember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, Grænlandsleið 1-27 og 2-20.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt, Þorláksgesli 6-12.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. desember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, Þorláksgesla 6-12.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Klébergsskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. júlí 2002, deiliskipulag fyrir Klébergsskóla á Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grjótaþorp, Aðalstræti 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 3. desember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Aðalstræti 2, Grjótaþorpi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skógarsel 11-15, Alaskareitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. júlí 2002, deiliskipulag fyrir Skógarsel 11-15, Alaskareit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipholtsreitir – Brautarholt, Skipholt, Nóatún.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skipholtsreit sem afmarkast af Brautarholti, Skipholti og Nótaúni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 7. janúar 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 2003

Nr. 6

10

8. janúar 2003

REGLUR

um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2003.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um mat á hlunnindum til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2003, sbr. 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignar-skatt, með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. og ákvæði í c-lið 6. gr. reglu-gerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skattmat þetta gildir einnig við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2003 nema um sé að ræða tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 591/1987 með áorðnum breytingum, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Skattmatið tekur til hvers þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 75/1981, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem þeirra nýtur. Skiptir ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti. Þegar talað er um launamann eða starfsmann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna, svo og hvers þess aðila sem nýtur viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar eða vensla eða tengsla við þann sem hlunnindin lætur í té.

1. Almennt um mat á hlunnindum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem ekki hafa verið í krónum talin, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

2. Sérstakt tekjumat.

2.1 Ýmis starfstengd hlunnindi.

Allur viðurgjörningur launagreiðanda við starfsmenn í öðru en reiðufé er lagður að jöfnu við laun til þeirra og ber að telja til tekna. Með viðurgjörningi við starfsmenn er átt við fríðindi tengd starfinu, sem þeir njóta án þess að greiða fyrir það fullt verð, hvort sem um er að ræða að launþeginn fái eitthvað til eignar, afnota, láns eða neyslu. Viðurgjörningur við starfs-

menn telst til tekna miðað við markaðsverð eða gangverð, þ.e. það verð sem það hefði kostað launþegann að kaupa, leigja eða greiða fyrir afnot af því sem féll til hans.

Tiltekinn viðurgjörningur við starfsmenn, sem er í mjög nánum tengslum við störf þeirra, almennur og aðgengilegur öllum, þarf ekki að telja til tekna, enda sé kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á árinu. Til þessa viðurgjörnings teljast ársátíðir starfsmanna, jólagleði og sambærilegar samkomur, svo og starfsmannaferðir, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta, afnot af heilsubótaraðstöðu á starfsstað, kaffiveitingar í vinnutíma og námskeið sem tengjast starfinu beint. Til hans teljast enn fremur framlög til starfsmannafé-laga vegna þessara liða.

Sé kostnaður á starfsmann samtals ekki hærri en 45.000 krónur á árinu skal hann ekki talinn til skattskyldra tekna hjá starfsmanninum. Sé kostnaðurinn í heild hærri en að framan greinir telst heildarfjárhæðin viðkomandi starfsmanni að fullu til tekna.

Hlunnindi sem sæta sérstöku skattmati í samræmi við eftirfarandi, og viðurgjörningur sem eingöngu eða fyrst og fremst er vegna einkaþarfa teljast alltaf til skattskyldra tekna.

2.2 Fatnaður.

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

	kr.
Einkennisföt	15.000
Einkennisyfirhafnir	11.000
Stakir hlutar einkennisfatnaðar:	
Buxur/pils	4.000
Jakki/kuldagalli	11.000
Peysa/skyrta/blússa/vesti	2.000
Hálsbindi/slæða/belti	1.000
Skór	6.000

Nái kostnaðarverð fatnaðar ekki framangreindu mati skal miða við kostnaðarverðið. Við mat á því hvað telst til einkennisfatnaðar skal tekið tillit til fjölda starfsmanna sem fær slíkan fatnað afhentan, útlits fatnaðarins, t.d. þess hvort hann ber óvenjulegan lit eða önnur ytri sérkenni sem einkennandi eru fyrir viðkomandi atvinnurekanda. Gera skal ráð fyrir að einkennisfatnaður aðgreini viðkomandi starfsmann frá hinum almenna borgara og að um sé að ræða fatnað sem ekki er fallinn til afnota utan vinnutíma og almennt ekki ætlaður til slíkra nota. Annar fatnaður en einkennisfatnaður sem starfsmanni er látinn í té skal talinn honum til tekna á gangverði.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans sem launagreiðandi afhendir honum til afnota.

2.3 Bifreiðahlunnindi.

Full og ótakmörkuð umráð.

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta umráðin starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Ársumráð bifreiðar sem tekin var í notkun á árunum 2001, 2002 eða 2003 skulu metin til tekna sem 20% af verði bifreiðarinnar. Umráð eldri bifreiðar skulu metin til tekna sem 15% af verði hennar. Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara aðeins hluta úr ári.

Verð bifreiða eru í þessu sambandi skilgreind í bæklingnum Bifreiðaskrá RSK, sem fæst hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra. Sé verð bifreiðar ekki að finna þar skal það vera staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri sams konar bifreið frá bifreiðaumboði. Til viðbótar við verð samkvæmt skránni skal koma verð á hvers konar auka- eða sérútbúnaði bifreiðarinnar. Sé ný bifreið eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Hafi starfsmaður greitt vinnuveitanda fyrir afnot af bifreiðinni skal hin greidda fjárhæð koma til frádráttar frá matinu. Sama á við ef starfsmaður greiðir rekstrarkostnað bifreiðar annan en eldsneytiskostnað og kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, enda afhendi starfsmaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Greiði starfsmaðurinn einnig allan eldsneytiskostnað og eftir atvikum þungaskatt vegna bifreiðarinnar skal matið lækkað um 4 prósentustig, þ.e í 16% eða 11% af metnu verði bifreiðarinnar.

Takmörkuð afnot.

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum er einungis heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota telst hann hafa takmörkuð afnot af bifreiðinni, enda sé hún að öðru leyti notuð í daglegum rekstri launagreiðanda. Takmörkuð afnot skulu metin til tekna miðað við 55,00 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan.

Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum og stjórnarmenn félaga teljast hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum sem þeir hafa til einkanota.

2.4 Fæði.

Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, skal metið starfsmanninum til tekna sem hér segir:

	kr.
Morgunverður	250
Hádegisverður eða kvöldverður	340
Fullt fæði á dag	930

2.5 Íbúðarhúsnæði og orlofshús.

Endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnæði sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té skulu metin starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildi 4% af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar og margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er sbr. eftirfarandi;

Gildistala	Staðsetning
1,0	Reykjavík (þar með talið Kjalarnes), Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur, Hafnarfjörður.
0,80	Grindavík, Sandgerði, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Akranes, Akureyri, Árborg, Hveragerði, Ölfus.
0,70	Önnur sveitarfélög.

Endurgjaldslauslausa orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnæði, sem launagreiðandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði allt að 150 m² að viðbættum 5 m² fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Hafi launþegi endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum skal telja launþeganum til tekna 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir hans nýta húsnæðið. Með orlofshúsnæði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar.

2.6 Lán.

Sá sem fær vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans skal telja sér vaxtahagræðið til tekna. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Fyrir árið 2003 miðast tekjumatið við 9% ársvexti af höfuðstól með verðbótum. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til tekna.

3. Frádráttur frá tekjum.

3.1 Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk.

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið aksturisdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattfyrirvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

- 1) Á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sé gerð sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar, sem reiknast 330.000 kr. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
- 2) Á eyðublaði RSK 3.04 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins í a) akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu, b) annan akstur í eigin þágu og c) akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki 55,00 kr. á hvern ekinn km í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Fái launþegi greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 2003 fyrir akstur við erfiðar aðstæður má hækka hámarksfrádrátt fyrir hvern ekinn km sem hann fær greiddan samkvæmt „sérstöku gjaldi“ í 63,25 kr. og/eða samkvæmt „torfærugjaldi“ í 79,75 kr., enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái starfsmaður greiðslu fyrir almenn afnot af bifreið sinni og endurgreiðsla á kostnaði hafi verið miðuð við 2000 km eða minna er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði,

sbr. tölulið 1 hér að framan. Skilyrði er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla eða fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er lýst og að eyðublað RSK 3.04 hafi verið útfyllt, sbr. tölulið 2 hér að framan.

3.2 Frádráttur á móti dagpeningum.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launþegi hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað, svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er jafnframt háður því skilyrði að fyrir liggja í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launþega.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum á árinu 2003 sem hér segir:

Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.

	Jan. – maí
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	12.900 kr.
Fyrir gistingu í eina nótt	7.700 kr.
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.200 kr.
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.600 kr.

Frádráttur frá dagpeningum erlendis. (Ákvarðast í SDR)

Frádráttur vegna dagpeninga erlendis í SDR.

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
Bretland og Rússland	133	94	85	60
New York borg og Washington DC	139	82	89	52
Asía og Suður-Ameríka	136	110	87	70
Annars staðar	100	94	64	60

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2003 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um 930 kr. fyrir hvern dag sem dagpeninga-greiðslur fara fram yfir 30 daga samfelld. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er 465 kr.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaður erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af þeim hluta dagpeninga, sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

3.3 *Vinna erlendis.*

Sé dvöl launþega erlendis vegna tímabundinna starfa þar á vegum íslensks launagreiðanda eiga reglur í tölulíð 3.2. um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við en honum er þá heimilt að draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna upphalds, í allt að 3 ár fjárhæð sem hæst getur orðið 30 SDR á dag. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þó launþegi komi í stuttar heimsóknir hingað til lands á umræddu tímabili.

3.4 *Frádráttur vegna fóstunar barna.*

Ef framteljandi hefur fengið greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur hjá honum af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum má færa sem frádrátt á móti þeim fjárhæð sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur.

3.5 *Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðnings fjölskyldna fatlaðra barna.*

Í stað frádráttar sem byggist á sannanlegum kostnaði er í slíkum rekstri heimilt að færa til frádráttar vegna barna eldri en tveggja ára 90 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 200 kr. fyrir hvern veittan hádegis- eða kvöldverð. Fyrir börn tveggja ára og yngri má færa til frádráttar helming þessara fjárhæða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir fæði samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka, bifreiðakostnaðar, gæsluvallagjalda o.þ.h. má færa til frádráttar á móti öðrum tekjum en vegna fæðissölu 14% af þeim tekjum. Ef um sumardvöl er að ræða má færa til frádráttar 20% af tekjum án fæðissölu, enda sé um gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Hjá stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna eru sömu skilyrði og að framan greinir fyrir frádrætti í stað sannanlegs kostnaðar. Þá eru sömu reglur um fæðiskostnað og um frádrátt frá tekjum eftir því hvort viðkomandi barn er í dag- eða sólarhringsvistun. Sé um kostnað að ræða sem leiðir af sérþörfum barnsins vegna fötlunar má færa þann kostnað til frádráttar auk frádráttar samkvæmt mati ríkisskattstjóra, enda sé gerð sérstök grein fyrir honum.

3.6 *Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.*

Ef um er að ræða greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum er heimilt í stað sannanlegs kostnaðar að færa til frádráttar á móti greiðslum sem svarar til tvöfalds ellilífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum.

3.7 *Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.*

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 785 kr. fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

REGLUR

um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2003.

Eftirfarandi reglur um reiknað endurgjald eru settar skv. 3. másl. 1. mgr. 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt vegna starfa á árinu 2003 og fyrir álagningu gjalda á árinu 2004. Reglur þessar eru til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða á vegum tengdra félaga (dótturfélaga, hlutdeildarfélag) þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila.

1. Almenn.

Samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skal maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi reikna sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns og barna þeirra fyrir vinnu sem þau inna af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

Á sama hátt skal maður reikna sér til tekna sem reiknað endurgjald mismun á greiddum launum fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila og reiknuðu endurgjaldi sem honum hefði borið að reikna sér hefði starfið verið innt af hendi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eins og greinir hér að framan, enda teljist hann hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem maki manns, barn hans, venslamaður hans eða nákominn ættingi innt af hendi fyrir framangreinda aðila.

Samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra setja við upphaf árs reglur um reiknað endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur og ákveða viðmiðunarfjárhæðir fyrir lágmark þess með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Reglur um reiknað endurgjald og viðmiðunarfjárhæðirnar gilda einnig ef laun sem greidd eru vegna vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi, sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila, eru lægri en ætla mætti að þau væru ef vinnan væri innt af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

Tengsl milli launþegans og vinnuveitandans til þess að reikna skuli endurgjald samkvæmt reglum þessum teljast vera fyrir hendi þegar sá sem launin tekur eða ætti að taka telst vera ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili er í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna. Tengsl þessi teljast á sama hátt vera fyrir hendi ef um er að ræða óbeina eignar- eða stjórnunaraðild svo sem starfi maður hjá dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi félags sem hann hefur ráðandi stöðu í.

Endurgjald, sem manni ber að reikna sér, sbr. framangreint, skal hann ákveða þannig að það sé eigi lægra en hann hefði haft sem laun fyrir sama starf hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Skal sú fjárhæð að jafnaði ekki vera lægri en viðmiðunarfjárhæð sú sem ákveðin er í reglum þessum en getur verið hærri eða lægri eftir því sem tilefni er til með hliðsjón af raunverulega greiddum launum fyrir sambærileg störf hjá óskyldum eða ótengdum aðila, umfangi og eðli starfsseminnar og starfs hans, taxta fyrir útselda vinnu í starfsgreininni, afkomu rekstrarins og fé sem bundið var í rekstrinum í ársbyrjun.

Reiknað endurgjald manns, sem selur út eigin vinnu eða vinnu starfsmanna sinna, skal aldrei vera lægra en sem svarar til launa starfsmanns hans við reksturinn, með sambærilega menntun, reynslu og vinnuframlag.

Viðmiðunarfjárhæðir eru miðaðar við þá tegund atvinnurekstrar eða starfsemi sem framteljandi stendur fyrir og eru lágmarksfjárhæðir sé viðkomandi ekki í öðru launuðu föstu starfi eða starfi sem reikna skal endurgjald fyrir. Sé svo er heimilt að lækka viðmiðunarfjárhæðirnar um þá fjárhæð sem laun eða reiknað endurgjald fyrir hitt starfið er umfram 50% af viðmiðunarfjárhæðinni þó þannig að það verði aldrei lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæðinni að viðbætti þeirri hækkun sem leiða kann af næstu málsgrein hér á undan.

Pegar hjón eða samskattað sambúðarfólk standa saman að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skal hvort hjóna um sig ákvarða sér reiknað endurgjald í samræmi við reglur þessar og skiptist rekstrarhagnaður milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir atvinnurekstrinum, með maka sínum skal meta því reiknað endurgjald eins og það hafi verið unnið af óskyldum eða ótengdum aðila og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir atvinnurekstrinum.

2. Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi.

Samkvæmt 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda ber manni, sem reikna skal sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að tilkynna skattstjóra í skattumdæmi sínu um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur fjármálaráðherra um reiknað endurgjald og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð eins og um greidd laun hafi verið að ræða. Sama á við ef maki, barn eða annar sá sem fellur undir reglur þessar vinnur við atvinnureksturinn

Samkvæmt sömu lagagrein skal lögaðili ákveða manni, sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar, endurgjald fyrir vinnu hans ef þau laun, sem honum eru greidd eru lægri en reiknað endurgjald samkvæmt reglunum og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð.

Telji skattstjóri að áætlun manns, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða ákvörðun lögaðila um endurgjald manns sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar séu á staðgreiðsluári lægri en lágmark viðmiðunarfjárhæða samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skal hann ákveða endurgjaldið og staðgreiðslu af því í samræmi við reglurnar. Skattstjóri má aðeins víkja frá lágmarki reiknaðs endurgjalds samkvæmt reglum fjármálaráðherra á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna frá framteljanda og/eða launagreiðanda.

Í upplýsingum manns sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt reglum þessum skulu koma fram upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, upplýsingar um önnur launuð störf og eftir því sem við á upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans eða starfsmanna sem vinna í þjónustu hans. Hann skal ennfremur gera grein fyrir afkomu rekstrarins á síðastliðnu ári og leggja fram áætlun um rekstur og tekjur hans á staðgreiðsluárinu, svo og gera grein fyrir hvaða fjármagn sé bundið í rekstrinum.

Maður sem starfar hjá félagi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt 4. kafla í reglum þessum skal leggja fram hliðstæðar upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, um önnur launuð störf sín og eftir því sem við á upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans og annarra starfsmanna sem vinna hjá félaginu.

Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi er bráðbirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars á tekjuári. Endanleg ákvörðun reiknaðs endurgjalds fer fram við endurskoðun skattframtala og skal skattstjóri þá hækka reiknað endurgjald frá ákvörðun þess vegna staðgreiðslu á tekjuárinu, komi þá í ljós að það hafi ekki verið í samræmi við reglur þessar.

Hafi maður svo lágt reiknað endurgjald af starfsemi samkvæmt samþykktri áætlun að staðgreiðsla hans sjálfs eða vegna hans og maka hans verði engin á árinu getur hann sótt um til skattstjóra að skila „Skilagrein vegna reiknaðs endurgjalds“ einu sinni á ári. Sé umsóknin samþykkt þarf að leggja skattkortin inn hjá skattstjóra. Sé áætlað reiknað endurgjald af starfsemi innan við 215.000 krónur á árinu 2002 fellur það utan staðgreiðslu.

3. Reiknað endurgjald við álagningu.

Framteljandi, sem reglur þessar taka til, skal á framtali sínu reikna sér endurgjald eigi lægra en viðmiðunarfjárhæðir í 4. kafla og að teknu tilliti til afkomu rekstrar, eigin fjár í rekstri og taxa fyrir útselda vinnu og launa eða reiknaðs endurgjalds í öðru starfi, sbr. 1. kafla.

Telji framteljandi á framtali sínu að reiknað endurgjald, og eftir atvikum laun hans, eigi að vera lægra en sú fjárhæð sem staðgreiðsla var greidd af eða lægri en viðmiðunarfjárhæð skv. 4. kafla í reglum þessum eða lægra en endurgjald sem ákveðið er skv. 1. kafla þeirra með hliðsjón af taxa fyrir útselda vinnu, afkomu rekstrar og eigin fé í rekstri, skal hann láta fylgja skattframtali sínu gögn og rökstuðning fyrir mati sínu ásamt upplýsingum, sbr. 2. kafla hér að framan.

Að mótteknu framtali og öðrum framtalsgögnum skal skattstjóri endurskoða reiknað endurgjald framteljanda, maka hans og barna eftir því sem tilefni er til.

Skattstjóra er heimilt að fallast á að reiknað endurgjald sé lægra en viðmiðunarfjárhæðir fjármálaráðherra kveða á um ef rökstuðningur og gögn framteljanda og eftir atvikum þess lögaðila, sem hann tekur eða á að taka laun hjá, réttlæta slíka ákvörðun. Fallist skattstjóri ekki á rök framteljanda um lægra reiknað endurgjald skal hann hækka það til samræmis við viðmiðunarfjárhæðir í reglum þessum.

Sé um að ræða endurgjald manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hækkun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi ekki leiða til þess að tap á rekstrinum verði meira en almennar fyrningar ársins. Sé um að ræða elli- eða örorkulífeyrisþega með eigin atvinnurekstur skal þess gætt að ekki verði tap á rekstrinum. Ákvæði þessi taka ekki til félaga og þeirra sem reikna ber sér endurgjald vegna starfa hjá þeim.

4. Starf flokkar og viðmiðunarfjárhæðir.

Þær fjárhæðir sem fara hér á eftir eru lágmarksviðmiðun fyrir reiknað endurgjald manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfa í hvers kyns stjórnunarstörfum og/eða almennum störfum hjá einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi eða tengdum félögum sem þeir sjálfir, makar þeirra, venslamenn eða aðrir þeim nátengdir eða þeir ásamt samstarfsmönnum hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar.

Flokkur A. Sérfræðipjónusta.

Til flokks A teljast sérmenntaðir menn vegna starfa í sérgrein sinni og eða stjórnunarstarfa á þeim vettvangi, svo sem lyfjafræðingar, læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, verkfræðingar, ráðgjafar og aðrir sérfræðingar, m.a. á tölvusviði, í fjármálaráðgjöf og verðbréfavíðskiptum.

Flokkur A skiptist í fjóra undirflokkar:

A(1) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa einn eða fleiri sérfræðingar og greidd eru laun sem samsvara árslaunum 10 manna eða fleiri eða samsvarandi greiðslur samkvæmt reikningum frá sérfræðingum.

Mánaðarlaun	535.000 kr.
Árslau	6.420.000 kr.

A(2) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa einn eða fleiri sérfræðingar og greidd eru laun sem samsvara árslaunum allt að 10 manna eða samsvarandi greiðslur samkvæmt reikningum frá sérfræðingum.

Mánaðarlaun	510.000 kr.
Árslaun	6.120.000 kr.

A(3) Sérfræðingur sem hefur einungis ósérfróða starfsmenn í þjónustu sinni sem hann greiðir laun eða samsvarandi greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypta þjónustu.

Mánaðarlaun	455.000 kr.
Árslaun	5.460.000 kr.

A(4) Sérfræðingur sem hefur ekki starfsmann í þjónustu sinni og kaupir ekki aðstoðarþjónustu samkvæmt reikningi.

Mánaðarlaun	405.000 kr.
Árslaun	4.860.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki A(1) eða A(2) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur B. Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta.

Til flokks B teljast menn sem vinna við iðnaðar- og iðjurekstur, hvers konar verslun og viðskipti, veitingastarfsemi, útgerð og fiskvinnslu, framleiðslu landbúnaðarvara, verktaka- starfsemi hvers konar og þjónustu, sem ekki heyrir undir flokk A eða C. Stjórnun rekstrarins eða félagsins er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk B(1), B(2) og B(3), þótt þeir vinni einnig önnur störf.

Flokkur B skiptist í fjóra undirflokka:

B(1) Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 10 starfsmanna eða fleiri eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	485.000 kr.
Árslaun	5.820.000 kr.

B(2) Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 4 til 10 starfsmanna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	405.000 kr.
Árslaun	4.860.000 kr.

B(3) Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 2 til 4 starfsmanna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	325.000 kr.
Árslaun	3.900.000 kr.

B(4) Starfsmaður við framangreinda starfsemi sem greiðir laun sem samsvara minna en árslaunum 2 starfsmanna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	270.000 kr.
Árslaun	3.240.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki B(1), B(2) eða lægst B(3) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur C. Fjölmíðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölustarfsemi o.fl.

Til flokks C teljast menn með eða án sérmenntunar, sem vinna við framangreinda starfsemi, svo sem blaðamenn, fréttamenn og dagskrárgerðarmenn, þeir sem starfa við bóka- og blaðaútgáfu, kvikmyndagerð, listamenn, skemmtikraftar o.fl. Ennfremur sérhæfð sölustarfsemi, svo sem fasteignasala, bifreiðasala, bókhaldsþjónusta, kennslustarfsemi og skólarekstur og námskeiðahald. Stjórnun starfseminnar er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk C(1), C(2) og C(3), þótt þeir vinni einnig önnur störf.

Flokkur C skiptist í fjóra undirflokka:

C(1) Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 10 starfsmanna eða fleiri eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	485.000 kr.
Árslaun	5.820.000 kr.

C(2) Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 4 til 10 starfsmanna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	430.000 kr.
Árslaun	5.160.000 kr.

C(3) Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 2 til 4 starfsmanna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	375.000 kr.
Árslaun	4.500.000 kr.

C(4) Einyrkjar og almennir starfsmenn félaga í framangreindri starfsemi.

Mánaðarlaun	325.000 kr.
Árslaun	3.900.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki C(1), C(2) eða lægst C(3) miðað við að fjöldi starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur D. Iðnaðarmenn.

Til flokks D teljast iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum. Ef stjórnun svo sem framkvæmdastjórn félags er aðalþáttur starfsins skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða B(3) hér að framan.

Flokkur D skiptist í tvo undirflokka:

D(1) Iðnaðarmaður, sem hefur iðnlærða menn eða tvo eða fleiri ófaglærða aðstoðarmenn í þjónustu sinni eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	240.000 kr.
Árslaun	2.880.000 kr.

D(2 og 3) Iðnaðarmaður, sem starfar einn eða með einum ófaglærðum aðstoðarmanni í iðngrein eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	215.000 kr.
Árslaun	2.580.000 kr.

Flokkur E. Ýmis starfsemi einyrkja ófaglærðra og vélstjórnenda.

Til flokks E teljast menn sem vinna einir og greiða ekki fyrir aðkeypta aðstoðarþjónustu og falla ekki undir flokka A til D. Til þessa flokks teljast t.d. bifreiðastjórar, stjórnendur

vinnuvéla, svo og starfsgreinar sem ekki krefjast sérstakrar starfsmenntunar svo sem hrein-
gerningamenn.

E(1) Stjórnendur vinnuvéla.

Mánaðarlaun	190.000 kr.
Árslaun	2.280.000 kr.

E(2) Aðrir.

Mánaðarlaun	175.000 kr.
Árslaun	2.100.000 kr.

Flokkur F. Sjómennska.

Til þessa flokks teljast sjómenn, sem starfa sem skipverjar við útgerð og njóta sérstaks
afsláttar, sjómannaafsláttar, af þeim launum sem þeir hafa fyrir sjómannsstörf. Um önnur
störf við útgerð fer eftir flokki B.

F(1) Skipstjóri.

Mánaðarlaun	325.000 kr.
Árslaun	3.900.000 kr.

F(2) Stýrimaður og vélstjóri.

Mánaðarlaun	300.000 kr.
Árslaun	3.600.000 kr.

F(3) Matsveinn og bátsmaður.

Mánaðarlaun	270.000 kr.
Árslaun	3.240.000 kr.

F(4) Háseti.

Mánaðarlaun	215.000 kr.
Árslaun	2.580.000 kr.

Reiknað endurgjald í flokkum F(1) – F(4) skal að lágmarki miðast við aflahlut skv.
kjarasamningi og hliðstæðar greiðslur til annarra skipverja á sama skipi eða hliðstæðu.

F(5) Skipverjar á smábátum, sem kjarasamningar taka ekki til.

Mánaðarlaun	215.000 kr.
Árslaun	2.580.000 kr.

Reiknað endurgjald og greidd laun samtals skulu ekki vera lægra en 40% af aflaverð-
mæti bátsins.

Við skil á staðgreiðslu er heimilt að miða við fjárhæðir í framangreindum flokkum en
á framtali skal reiknað endurgjald ekki vera lægra en viðmiðun við aflaverðmæti tilgreinir.

Flokkur G. Landbúnaður.

Til flokks G teljast bændur sem einir eða með öðrum standa fyrir búrekstri, með eða án
aðkeypts vinnuafls. Standi hjón bæði fyrir búrekstrinum skal reiknað endurgjald hvors hjón-
anna um sig metið miðað við vinnuframlag hvors um sig við búreksturinn og skiptist rekstr-
arhagnaður jafnframt á milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna,
sem ekki stendur fyrir búrekstri með maka sínum, við reksturinn skal meta því endurgjald
með hliðsjón af vinnuframlagi þess, metið á sama verði og endurgjald makans, og telst rekstr-

arhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir búrekstrinum. Nái bústofn á býli ekki 420 ærgildum má lækka reiknað endurgjald bænda í hlutfalli við bústærðina. Sé búrekstur umfangsmikill og fleiri en einn starfsmaður á launum auk bóndans skal flokka starfið í flokka B(1) til B(4).

G(1) Bóndi með sauðfjárrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.
Mánaðarlaun 80.000 kr.
Árslaun 960.000 kr.

G(2) Bóndi með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.
Mánaðarlaun 105.000 kr.
Árslaun 1.260.000 kr.

G(3) Bóndi sem stendur fyrir öðrum búrekstri, svo sem svínarækt, alifuglarækt, hrossarækt, loðdýrabú, grænmetisrækt og garðplönturækt.

Mánaðarlaun 160.000 kr.
Árslaun 1.920.000 kr.

Flokkur H. Makar.

Maður sem starfar við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi maka síns eða starfar hjá félagi sem maki hans eða nákomnir venslamenn hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar.

H(1) Sérfræðingar, sbr. flokk A, sem vinna í sérgrein sinni en standa ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun 325.000 kr.
Árslaun 3.900.000 kr.

H(2) Iðnaðarmenn, sbr. flokk D, sem vinna í iðngrein sinni en standa ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun 175.000 kr.
Árslaun 2.100.000 kr.

H(3) Ófaglærðir starfsmenn almennt.

Mánaðarlaun 110.000 kr.
Árslaun 1.320.000 kr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 7. gr. laga nr. 152/2002, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Reykjavík.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu í Reykjavík svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðarhúsnæði:

	<i>Vikuleg tæming:</i>
Ílát 240 l	7.260 kr./ári
Gámur 660 l	25.410 kr./ári
Gámur 1100 l	36.300 kr./ári

Tunnuleiga er innifalin í gjaldinu.

3. gr.

Sorphirðugjald fyrir atvinnuhúsnæði:

	<i>Vikuleg tæming:</i>
Ílát 240 l	9.890 kr./ári
Gámur 660 l	34.615 kr./ári
Gámur 1100 l	49.450 kr./ári

Ílátaleiga er innifalin í gjaldinu.

4. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

5. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. og 3. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 21. gr. reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 985/2000 um sorphirðu í Reykjavík.

Reykjavík, 7. janúar 2003.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014, Kúagerði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. janúar 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í efnistöku úr námu í Kúagerði í jaðri Afstapahrauns.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. janúar 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 2003

14. janúar 2003

25

Nr. 10

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

Skúlagötusvæði milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða Lindargötu 10 og Klapparstígs 1-7, Skuggahverfi, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. apríl 2002 breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða nr. 10 við Lindargötu og nr. 1-7 við Klapparstíg, varðandi svokallað Skuggahverfi.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var áður birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. október sl., sbr. auglýsingu nr. 744/2002. Er sú auglýsing hér með afturkölluð þar eð ótímabært var að birta hana á þeim tíma þar sem aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 hafði ekki verið staðfest og auglýsing um gildistöku þess ekki verið birt.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi og fellur þar með úr gildi eldra skipulag svæðisins.

Reykjavík, 14. janúar 2003.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

9. janúar 2003

Nr. 11

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Lækjarbotnalönd nr. 40 og 43. Deiliskipulag frístundabyggðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 17. október 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi frístunda-byggðar í Lækjarbotnalandi. Tillagan nær til Lækjarbotnalanda nr. 40 og 43. Í tillögunni felst m.a. að heimilt verður að byggja við núverandi sumarbústað á Lækjarbotnalandi nr. 40 (Litli Dalur) og á Lækjarbotnalandi nr. 43 verði heimilt að byggja nýtt sumarhús í stað þess sem fyrir er.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Golfvöllur í Leirdal. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 14. nóvember 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi 9-holu golfvallar í Leirdal. Í tillögunni kemur jafnframt fram fyrirkomulag reiðleiða, gönguleiða, skóg-rækt og trjárækt ásamt landmótun á svæðinu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. Settjörn. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 26. júlí 2002 samþykkt tillögu á um 2 ha svæði undir settjörn norðan Elliðavatnsstíflu. Settjörnin verður notuð til að leiða í ofanvatn (regn og snjókoma) og hitaveituvatn frá byggð í Vatnsenda. Tillagan var auglýst frá 24. apríl til 28. maí 2002 með athugasemdafresti til 11. júní 2002. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt að öðru leyti en því að afrennsli úr fyrirhugaðri settjörn verður leitt í neðri hluta Bugðu, þ.e. verði að öllu innan lögsögumarka Kópavogs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. janúar 2003.

Skipulagsstjóri Kópavogs,

Birgir H. Sigurðsson.

AUGLÝSING


um endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa.

Borgarráð samþykkti eftirfarandi nýjar reglur um bílastæðakort íbúa með tilheyrandi yfirlitskorti yfir bílastæðasvæði dagsett 27. janúar 2002 á fundi sínum þann 7. maí 2002, með tilvísun til 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. jafnframt reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

1. Íbúar í Reykjavík með lögheimili við götur þar sem bílastæði utanhúss eru gjaldskyld og ekki hafa aðgang að bílastæði á lóð sinni, geta sótt um að fá keypt bílastæðakort íbúa („íbúakort“). Slíkt kort veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds á stöðueða miðamælastæði innan þess svæðis, sem kortið gildir fyrir.
2. Gildissvæði íbúakorta eru þrjú, nánar tilgreind á sérstöku yfirlitskorti sem fylgir þessum reglum. Svæði A er vestan Kvosar, svæði B er austan Kvosar og sunnan Laugavegar, og svæði C er austan Kvosar og norðan Laugavegar. Kortin gilda ekki á stæðum á gjaldsvæði I.
Íbúakortið gildir á svæðinu þar sem umsækjandi býr. Íbúar á gjaldsvæði I geta þó valið á milli svæðanna þriggja, A, B og C.
3. Umsækjandi þarf að vera skráður eigandi eða umráðamaður bifreiðarinnar sem sótt er um kort fyrir. Sé bifreiðin í eigu fyrirtækis en til einkanota þarf að skila inn yfirlýsingu frá fyrirtækinu þess efnis.
4. Heimilt er að gefa út allt að 2 kortum pr. íbúð.
5. Á íbúakort er skráð bílnúmer, raðtala korthafa og gildistími. Því skal komið fyrir á mælaborði innan framrúðu svo vel sé læsilegt utanfrá.
Ekki er heimilt að framselja íbúakort eða nota fyrir aðra bifreið en þá sem það er gefið út fyrir.
6. Sótt er um kortin hjá *Bílastæðasjóði Reykjavíkur*, Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík, á þar til gerðu umsóknareyðublaði.
7. Kortið kostar kr. 3.000 og gildir í eitt ár frá lokum útgáfumánaðar. Sama gildir um endurnýjun korta og endurútgáfu vegna breytinga á bílnúmeri. Sækja þarf um endurnýjun með að minnsta kosti viku fyrirvara áður en kort rennur út.
Breytist aðstæður korthafa, svo sem vegna flutnings, kaups og/eða sölu bifreiðar eða af öðrum ástæðum sem valda því að skilyrði til útgáfu íbúakorts eru ekki lengur uppfyllt ber að skila kortinu til útgefanda.
8. Misnotkun kortsins, svo sem ef kort er flutt milli bifreiða eða svæða, varðar missi kortsins án endurgreiðslu á eftirstandandi gildistíma þess.
9. Reglur þessar taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum, og þá falla úr gildi eldri reglur um íbúakort frá 16. júní 1992.

Reykjavík, 3. janúar 2003.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
e.u. **Hjörleifur Kvaran.**

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ****um skil á staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds.**

1. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur, eigi sjaldnar en mánaðarlega, skila sérstakri skilagrein og því staðgreiðslufé sem honum bar að halda eftir af launum og reiknuðu endurgjaldi. Staðgreiðslan nær til útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds þar með talið er gjald til ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota, markaðsgjald og slysatryggingariðgjald af launum sjómanna.

Þeir launagreiðendur sem fullnægja skilyrðum um ársskil skulu senda skilagrein og standa skil á skilafé 2. janúar ár hvert.

2. gr.

Skilafé skv. 1. gr. ber að skila inn á bankareikning sem er í vörslu Seðlabanka Íslands eða á skrifstofu innheimtumanns ríkissjóðs sbr. 5. gr.

Fyrir tekjuárið 2002 skal greiða inn á bankareikning nr. 25009.

Frá og með tekjuárinu 2003 skal greiða inn á bankareikning nr. 25111.

Bankar og sparisjóðir taka við skilagreinum og greiðslum samkvæmt skilagreinum. Einnig er unnt að greiða með rafrænum hætti, þar með talið skjálínu, bankalínu og í heima-banka, sbr. 3. gr.

3. gr.

Skilagrein um staðgreiðslu skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður m.a. í formi fyrirfram áritaðs gíróseðils frá ríkisskattstjóra. Ef skilafé er sent með rafrænum greiðslumiðli skal skilagrein póstlögð samhliða.

Gjalddagi staðgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari vegna greiðslutímabils liðins mánaðar er 1. dagur næsta mánaðar á eftir, en eindagi 14 dögum síðar. Ef eindaga ber upp á laugardag, sunnudag eða helgidag flyst hann til næsta dags þar á eftir. Rafræn skil skulu gerð eigi síðar en kl. 21 á eindaga.

4. gr.

Bankar og sparisjóðir sem veita viðtöku fé til greiðslu inn á bankareikninga, sbr. 2. gr., þar með talið með rafrænum hætti skulu því aðeins taka við innborgunum að greiðslu fylgi sérstök skilagrein, sbr. 3. gr.

Bankar og sparisjóðir sem veita viðtöku innborgun skulu ganga úr skugga um að fullt samræmi sé á milli skilagreinar og greiðslu. Ef fullt samræmi er eigi fyrir hendi er þessum aðilum óheimilt að taka við greiðslu.

5. gr.

Eftirtaldir innheimtumenn ríkissjóðs taka við greiðslum og skilagreinum ef greiðsla er ekki innt af hendi með rafrænum hætti eða í bönkum og sparisjóðum:

Sýslumaðurinn á Akranesi.	Sýslumaðurinn á Húsavík.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.	Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn í Búðardal.	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.	Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.	Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.	Sýslumaðurinn í Keflavík.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.	Sýslumaðurinn á Keflavíkurlflugvelli.
Sýslumaðurinn á Akureyri.	Tollstjórinn í Reykjavík.

6. gr.

Launagreiðanda ber að útfylla og skila sundurliðun launatekna og staðgreiðslu fyrir hvern mánuð á sérstöku eyðublaði ríkisskattstjóra.

Skilagrein og sundurliðunarskýrsla skal skila mánaðarlega enda þótt engin laun hafi verið greidd eða nýting persónuafsláttar launamanna veldur því að engin staðgreiðsla hafi verið tekin af starfsmönnum.

Heimilt er launagreiðanda að skila sundurliðun á rafrænu formi. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um fyrirkomulag og meðferð skilagreina, sundurliðunarskýrslna og rafræn skil.

7. gr.

Skilafé ásamt skilagrein eða gíróseðli, sbr. 3. gr., þarf að hafa borist þeim aðilum, sem taka við greiðslum, sbr. 2. gr., eða á skrifstofu innheimtumanns, sbr. 5. gr., eigi síðar en á eindaga. Dagsetning á greiðslukvittun innheimtumanns er sönnun fyrir því að skil hafi verið gerð á réttum tíma. Póstlagning greiðslu fyrir eindaga kemur eigi í veg fyrir álagsbeitingu ef greiðsla berst eftir eindaga.

8. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu færa skilagreinar staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds í innheimtukerfi ríkisins (TBR). Þeir skulu sannreyna að samræmi sé á milli skilagreinar og greiðslu samkvæmt skilagrein.

Skilagreinar sem berast bönkum og sparisjóðum skulu sendar innheimtumanni ríkissjóðs, sbr. 5. gr. Ef skilagrein er ófullnægjandi skal innheimtumaður tilkynna það launagreiðanda og skattstjóra.

Reynist greiðsla, skilagrein og skil vera rétt er launagreiðandi laus úr ábyrgð hvað það varðar, sbr. þó ákvæði 22. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

9. gr.

Ef launagreiðandi skilar greiðslum inn á bankareikning, sbr. 2. gr., skal hann senda sundurliðunarskýrslu til innheimtumanns ríkissjóðs. Heimilt er að afhenda hana bankastofnun sem skal framsenda hana til innheimtumanns ríkissjóðs.

Heimilt er launagreiðanda að senda sundurliðunarskýrslu til ríkisskattstjóra rafrænt eða á öðru formi sem ríkisskattstjóri ákveður, sbr. 6. gr. Einnig er heimilt að afhenda innheimtumanni ríkissjóðs gögn í tölvutæku formi, sem þá skal framsenda þau ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri annst allan innlestur sundurliðunarskýrslna launagreiðanda í tölvuskrár ríkisins sem berast á rafrænu formi. Um innlestur skilagreina í innheimtukerfi ríkisins (TBR) fer eftir 1. mgr. 8. gr.

10. gr.

Ef skattstjóri hefur heimilað manni, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. tölulið 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, að gera skil á staðgreiðslu útsvars og tekjuskatts einu sinni á ári, skal tekið tillit til þeirra upplýsinga sem gjaldandi veitir skattstjóra, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, við skil á staðgreiðslu til sveitarfélaga. Fjársýsla ríkisins skal hlutast til um að persónuafsláttur skattgreiðanda sem ganga skal upp í útsvarsþátt staðgreiðslu skili sér til viðkomandi sveitarfélags á þann hátt að 1/12 hluti átætlaðs persónuafsláttar upp í útsvarsþátt greiðist sveitarfélaginu mánaðarlega.

11. gr.

Um uppgjör og skil innheimtumanna staðgreiðslu, sbr. 5. gr., skulu gilda almenn fyrirmæli til innheimtumanna um uppgjör og skil. Fjársýsla ríkisins er heimilt að gefa innheimtumönnum ríkissjóðs nánari fyrirmæli um uppgjör og skil á hluta ríkissjóðs.

12. gr.

Dagleg afstemming bankareikninga, sbr. 2. gr., er í höndum Fjársýslu ríkisins.

13. gr.

Inn á bankareikninga staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds er óheimilt að færa aðra fjármuni en þá sem við koma skilum á staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 20. og 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 753/1997, um skil á staðgreiðslu, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Stafafellsfjöllum í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Viðbótarlóð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 19. september 2002, samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stafafells og Brekku í Lóni, Hornafirði.

Breytingin felst í því, að bætt er við einni lóð, nr. 1b, austast á svæðinu, 0,45 ha að stærð og er heimiluð á lóðinni marghyrnd bygging, allt að 35,0 ferm. með mestri hæð 3,5 m.

Að öðru leyti gilda fyrir lóðina hinir sömu skilmálar og gilda almennt fyrir skipulag svæðisins.

Breytingin er færð inn á uppdrátt skipulagssvæðisins af höfundi þess í maí 2002.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögn málsins og gerir í bréfi sínu, dags. 19. desember 2002, ekki athugasemd við, að auglýsing um deiliskipulagsbreytinguna verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 2. janúar 2003.

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 916/2001 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis eða félagamerkis skal greiða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:

	Kr.
1. Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir umsókn um skráningu félagamerkis og endurnýjun skal greiða:

	Kr.
1. Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

3. gr.

16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

	Kr.
Hámarksgjald vegna áfrýjunar á grundvelli laga um einkaleyfi, laga um vörumerki, laga um hönnun og laga um félagamerki	80.000
Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun. Sé mál afturkallað áður en áfrýjunarnefnd er fullskipuð, málinu vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst þar skal endurgreiða	60.000

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 63. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. janúar 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Stykkishólms, hefur verið ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á reglum um umferð í Stykkishólmi:

I. Biðskylda:

- a. Umferð um Nestún víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
- b. Umferð um Áskinn víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
- c. Umferð um Neskin víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaður Snæfellinga, 8. janúar 2003.

Ólafur K. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrir aukaskoðun vegna uppsetningar vinnuvéla eða tækja sem eru með gilda reglubundna skoðun, til dæmis byggingakrana eða hengiverkpalla, skal greiða 50% af gjaldi fyrir reglubundna skoðun. Það sama á við um aukaskoðun vegna breytinga eða viðgerða á vinnuvélum eða tækjum.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. janúar 2003.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2003.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2003 eru settar skv. 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2003.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrarrekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum,

afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afraksturs eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir, sem falla undir reglur þessar, afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl.vegna tekjuársins 2003 er sem hér segir:

Mjólk	41 kr. hver lítri
Egg	250 kr. hvert kg
Kartöflur	46 kr. hvert kg
Rófur	72 kr. hvert kg
Lambakjöt	310 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	280 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	120 kr. hvert kg
Ungnautakjöt	295 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum	190 kr. hvert kg
Folaldakjöt	190 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum	100 kr. hvert kg
Grisakjöt	170 kr. hvert kg
Annað svínakjöt	105 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	415 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt	260 kr. hvert kg
Fiskur	200 kr. hvert kg

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Grindavík.

Breyting á deiliskipulagi Svartsengis (athafnasvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti bæjarstjórn Grindavíkur þann 13. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi Svartsengis (athafnasvæði fyrir þjónustustofnanir).

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagstofnun gerir ekki athugasemd við auglýsingu deiliskipulagsins.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Grindavík, 9. janúar 2003.

Byggingarfulltrúinn í Grindavík,

Oddur Thorarensen.

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2003.

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 31. júlí 2003 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2003.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 15. gr. laga nr. 149/2000, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2003 vera 581.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. janúar 2003.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Bryndís Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

Akureyrarbæjar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum.

1. gr.

Fyrir byggingaleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fohheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Einbýlishús	68.054
Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð,	56.712 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	47.638 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	40.832 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	34.027 pr. íbúð

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Atvinnu- og þjónustuhúsnaði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólflötur allt að 500 fermetrar	68.054
Atvinnu- og þjónustuhúsnaði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólflötur stærri en 500 fermetrar	90.738

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús, viðbyggingar allt að 20 ferm.	28.356
Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	39.698
Byggingaleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingaleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.	

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	30.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttu	7.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	5.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	11.500
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	11.500
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	7.000
Framkvæmdaleyfi	11.500
Fyrir grenndarkynningu	32.500
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	20.000

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt er að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2003 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2003 er 278 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 17. desember 2002.

Akureyri, 8. janúar 2003.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/2003 um skilafresti á árinu 2003 fyrir launaskýrslur og fleira skv. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skilafrestur eftirtalinnna gagna vegna ársins 2002 hefur verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til 27. janúar 2003:

1. *Launamiðar RSK 2.01* ásamt almennu *launaframtali RSK 1.05*. Á launamiðum komi meðal annars fram sundurliðaðar upplýsingar um hvers konar greiðslur í formi launa og hlunninda, styrkja, bóta eða annarra tekna svo og greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, svo sem áskilið er.
2. *Greiðslumiðar* vegna lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta.
3. *Hluta fjárfarmiðar RSK 2.045* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.04*.
4. *Stofnsjóðsmiðar RSK 2.065* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.06*.

Ofangreindur frestur er framlengdur til 7. febrúar 2003, sé gögnum skilað á tölvutæku formi samkvæmt færsluýsingu RSK.

II. Til 14. apríl 2003:

1. Gögn frá lífeyrissjóðum, líftryggingafélögum og fjármálastofnunum um iðgjöld og framlög launagreiðenda til lífeyrissjóða og til viðbótarlífeyristryggingar.

2. *Greiðslumiðar RSK 2.02* yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
3. *Greiðslufirlit RSK 2.025* yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 sem ekki er gerð grein fyrir á þeim skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Hér er m.a. átt við þóknanir fyrir þjónustu og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda eða sérþekkingar.
4. *Bifreiðahlunnindamiðar RSK 2.035*.
5. *Sjávarafurðamiðar RSK 2.055* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.05*.
6. *Afurða- og innstæðumiðar RSK 2.075* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.07*.
7. *Upplýsingar viðskipti með hlutabréf RSK 2.08* frá fjármálastofnunum.
8. *Upplýsingar hlutafélaga um kaupréttarsamninga RSK 2.085*.

Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu ríkisskattstjóra. Sé það ekki gert skal þeim skilað á tilsvareandi eyðublöðum RSK.

Reykjavík, 3. janúar 2003.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/2003 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2003 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu fyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 2001 framreiknast ekki.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2002 telst 10% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 10,1% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2002. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2002 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 8. janúar 2003.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 52/2002 um hundahald í Reykjavík.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 15.400
Leyfisveiting eftir útrunnin frest	” 23.600

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 15.400

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta kr. 21.500

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við afskráningu hunds er heimilt að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur er heimilt að lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Umhverfis- og heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, lögreglu-, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 976/2001 fyrir hundahald í Reykjavík.

Reykjavík, 7. janúar 2003.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

SAMÞYKKT um hundahald í Dalabyggð.

1. gr.

Hundahald í Dalabyggð sæti þeim takmörkunum sem tilgreind eru í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald í þéttbýli (Búðardal) sæti eftirfarandi takmörkunum:

- a) Eiganda er skylt að skrá hund sinn á hrepps skrifstofu. Við skráningu fær eigandi hundsins afhenta þar til gerða plötu með skráningarnúmeri hundsins. Við skráningu skal hund-eigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum þessarar samþykktar, eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt.
- b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að tryggingin taki til alls tjóns sem hundur kann að valda án nokkurra óeðli-legra skilyrða að mati hreppsnefndar.
- c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við, í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hund, þótt í taumi sé inn í skólahús, leikvelli, almennar skrifstofur, opinberar stofnanir, samkomuhús, verslanir eða starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
- d) Hundeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skylt er leyfishafa að fjarlægja saur eftir hundinn.
- e) Til að standa straum af kostnaði hreppsins við skráningu og eftirlit með hundum í Búðardal, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald til sveitarsjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi marsmánaðar, og síðan árlega 1. mars fyrir eitt ár í senn. Hreppsnefnd ákveður fjárhæð í gjaldskrá, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld skulu aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Af hundum sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna váttryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundurinn sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi, og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll skilríki sem máli skipta.
- f) Sé hundeigandi undir 18 ára aldri verður honum ekki veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þar um.
- g) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda/stjórnar húsfélagsins í húsinu fylgja umsókn, sbr. lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

3. gr.

Hundeigendum í dreifbýli er skylt að láta hreinsa hunda sína, á eigin kostnað, einu sinni á ári. Hundeiganda er skylt að geta staðfest hvenær sem er, að hundur hans hafi verið hreinsaður á sl. 12 mánuðum.

Eigandi er ábyrgur fyrir hverju því tjóni sem hundur hans kann að valda.

4. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu, og greiða allan kostnað sem leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiriháttar

brot hefur hund eigandi fyrir gert rétti sínum til að halda hund í Búðardal. Skal hann greiða allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðan ákveður hvað skuli gert við hundinn.

5. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitjar ekki hundsins innan 7 daga hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra ekki innan 7 daga og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað.

6. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna brota á samþykktinni.

Farið skal með brot á samþykktinni skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Hunda sem ganga lausir á almannfæri, skal handsama. Við ítrekað brot skal hundinum lógað. Kostnaður við töku hunda skal ákveðinn af sveitarstjórn og að fullu greiddur af eiganda.

8. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Dalabyggðar staðfestist hér með skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Dalabyggð nr. 20/1998.

Umhverfisráðuneytinu, 3. janúar 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingar eins og fram kemur í gjaldsrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2003 er gjaldið kr. 6.600 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2003 er gjaldið kr. 5.500 á hverja sorptunnu.

3. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2 grein fylgir reglum um gjalddaga fasteignagjalda, og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd í eindaga.

4. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000, um sorphreinsun í Fjarðabyggð og öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 9. janúar 2003.

Fjarðabyggð, 15. janúar 2003.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 396/2000.

1. gr.

B-liður 57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Atvinnuþróunarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.

2. *Félagsmálanefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
3. *Íþrótt- og tómstundanefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
4. *Landbúnaðarnefnd*. Þrjár fulltrúar og þrjár til vara samkvæmt gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
5. *Leikskólanefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
6. *Meningarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
7. *Samninganefnd*. Þrjár fulltrúar og þrjár til vara samkvæmt gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
8. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
9. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
10. *Bókasafnsnefnd*. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara samkvæmt gildandi lögum um bókasöfn, samningi um Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi og erindisbréfi fyrir nefndina.
11. *Stjórn Selfossveitna*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi erindisbréfi fyrir stjórnina.
12. *Umhverfisnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. janúar 2003.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Er leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði sem hér segir:

A: Fyrir Vesturlandi, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum, er veiðitímabilið 1. apríl - 29. júní.

B: Í Breiðafirði, frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 20. apríl - 18. júlí.

Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er veiðitímabilið þó 10. maí - 7. ágúst.

Séu grásleppuveiðar hafnar fyrir 10. maí samkvæmt þessum lið skal veiðum viðkomandi báts hætt eigi síðar en 18. júlí.

C: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 10. apríl - 8. júlí.
Norðan línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Sauðanesvita og utan línu, sem dregin er frá Óshólavita í Bjarnarnúp er þó eigi heimilt að hefja grásleppuveiðar fyrr en 20. apríl.

Séu veiðar hafnar fyrir 20. apríl samkvæmt þessum lið skal veiðum viðkomandi báts hætt eigi síðar en 8. júlí.

D: Í Húnaflóa, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 1. apríl - 29. júní.

E: Fyrir Norðurlandi, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars - 17. júní.

F: Fyrir Austurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Svartanesi (sunnan Vopnafjarðar) hefst veiðitímabilið 30. mars en sunnan Svartaness að línu réttvísandi austur frá Hvítungum hefst veiðitímabilið 20. mars. Veiðitímabilinu á öllu svæðinu lýkur 17. júní.

G: Fyrir Suðurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita, skulu veiðileyfishafar velja milli þess að stunda veiðar innan veiðitímabilsins 20. mars - 17. júní eða veiðitímabilsins 20. apríl - 18. júlí.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 8.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skyld er að draga öll grásleppunet, sbr. 8. gr., úr sjó fyrir lok veiðitímabils, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum, sbr. 8. gr., frá 15. júní til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. janúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002,
um veiðar í atvinnuskyni.

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Innfjarðarækja samtals 1.650“ komi: Innfjarðarækja samtals 1.700.

Í stað: „þ.a. Arnarfjörður 500“ komi: þ.a Arnarfjörður 550.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. janúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Snorri Rúnar Pálmason.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi nr. 220/1996.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald á Akranesi nr. 221/1996, skulu árið 2003 greiða fyrir það kr. 10.000 í bæjarsjóð.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness 26. mars 1996 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 221/1996 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Akraness 14. janúar 2003.

Akranesi, 15. janúar 2003.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar, nr. 977/2000.

1. gr.

Í stað „19.30“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: 17.30.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Dalabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. janúar 2003.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. o bætist við ný grein, 2. gr. p, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2002 frá 27. september 2002 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1105/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 að því er varðar samráð um fargjöld og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Framangreind EB-gerð felur í sér breytingu á gildistíma reglugerðar (EBE) nr. 1617/93, sbr. reglugerðir nr. 375/1994, 693/1996 og 311/2002 í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 11. lið b í XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í tölublaði nr. 61/2002, bls. 32). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 10. janúar 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1105/2002**

frá 25. júní 2002

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 að því er varðar samráð um fargjöld og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllumFRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 2. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samninga og yfirburðstöðu á sviði flutninga í lofti,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 frá 25. júní 1993 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferða-áætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og fargjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum ⁽²⁾, var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1324/2001 ⁽³⁾, til að framlengja hópundanþágu að því er varðar samráð um fargjöld til 30. júní 2002 og hópundanþágu varðandi úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum og flugvallaráætlanir til 30. júní 2004.
- 2) Í febrúar 2001 átti framkvæmdastjórnin frumkvæði að samráði um hvort hópundanþágunni fyrir samráð um fargjöld skuli haldið í sinni núverandi mynd. Framkvæmdastjórninni bárust svör frá aðildarríkjum, flugfélögum, ferðaskrifstofum og neytendahópum.
- 3) Mikill meirihluti svarenda var þeirrar skoðunar að fargjaldaráðstefnur Alþjóðasambands flugfélaga (IATA) tryggðu mikilvægt hagræði í formi félagaflugskipta og að ekki væri líklegt að annað, ekki eins strangt kerfi, kæmi í staðinn fyrir það. Flestir svarendur viðurkenndu að ef horfið væri frá hóp-

undanþágu fyrir fargjaldaráðstefnur þýddi það ekki alfarið endalok félagaflugskipta en margir töldu að án fargjaldaráðstefna gætu neytendur síður valið um sveigjanleg fargjöld og lítil flugfélög hefðu þá ef til vill færri tækifæri til félagaflugskipta og ættu þar af leiðandi erfiðara uppdráttar í samkeppninni. En sumir svarendur héldu því fram að þegar bandalög verða til, a.m.k. ef um er að ræða langtímabandalög eða tvíhliða bandalög, gæti söluvaran orðið álíka hagkvæm og félagaflugskipti Alþjóðasambands flugfélaga.

- 4) Sérstakir erfiðleikar blasa nú við í flugvélaíðnaðinum og það gæti þess vegna reynst erfið að fjárfesta eins og nauðsyn krefur og þróa annars konar kerfi fyrir félagaflugskipti eins og sakir standa.
- 5) Hópundanþága fyrir fargjaldaráðstefnur skal því framlengd um þrjú ár til 30. júní 2005. Í því skyni að greiða fyrir endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á því, hvort hópundanþágan skuli framlengd frekar eftir þann tíma, skal bæta við undanþáguna skuldbindingu sem útheimtir að flugfélögin, sem taka þátt í ráðstefnunum, taki saman gögn fyrir hvert tímabil Alþjóðasambands flugfélaga, frá og með 1. september 2002, um hlutfallslega notkun fargjaldtaxta, sem ákveðnir eru á ráðstefnunum, og hve mikilvægir þeir eru fyrir raunveruleg félagaflugskipti. Á þrjú ára tímabili fást þá gögn fyrir nægilega dæmigert tímabil.
- 6) Í reglugerð (EB) nr. 1324/2001 er hópundanþágan fyrir úthlutun afgreiðslutíma og flugvallaráætlun framlengd þar til samþykktar hafa verið tillögur að breytingum við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur fyrir úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum bandalagsins ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 894/2002 ⁽⁵⁾. Þar sem þessar breytingar hafa enn ekki verið samþykktar er viðeigandi að framlengja hópundanþáguna í eitt ár til 30. júní 2005.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1617/93 í samræmi við þetta.

⁽¹⁾ Stjritð. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9.⁽²⁾ Stjritð. EB L 155, 26.6.1993, bls. 18.⁽³⁾ Stjritð. EB L 177, 30.6.2001, bls. 56.⁽⁴⁾ Stjritð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjritð. EB L 142, 31.5.2002, bls. 3.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Hlutaðeigandi flugfélög, eða einhver fyrir þeirra hönd, skulu afhenda framkvæmdastjórninni gögnin sem eru tekin saman á sex mánaða fresti.“

Reglugerð (EBE) nr. 1617/93 skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 4. gr.:

„3. Flugfélög, sem taka þátt í samráði um fargjaldataxta, skulu taka saman gögn frá og með 1. september 2002 að því er varðar:

- a) hve stórt hlutfall af gjaldskrá er haft samráð um fyrir alla farminasölu innan EES;
- b) að hve miklu leyti farminasverð í gjaldskrá, sem samráð er haft um, er í raun notað í félagafflugskiptum;
- c) að hve miklu leyti farminasverð, sem er ekki í gjaldskrá sem samráð er haft um, er í raun notað í félagafflugskiptum.

2. Í stað annarrar málsgreinar í 7. gr. komi eftirfarandi:

„Gildir til og með 30. júní 2005.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt á breytingu á deiliskipulagi við Hvammsgötu o.fl. í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 10. desember 2002 samþykkt deiliskipulag við Brekkugötu, Leirdal, Hvammsgötu og Hvammsdal í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 11. janúar 2003.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
25	7. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík	39
26	3. jan.	Samþykkt um hundahald í Dalabyggð	40-41
27	15. jan.	Gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð	42
28	14. jan.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélags- ins Árborgar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 396/2000 ...	42-43
29	13. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar	43-44
30	7. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002, um veiðar í atvinnuskyni	45
31	15. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald á Akra- nesi nr. 220/1996	45
32	14. jan.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundar- sköp Dalabyggðar, nr. 977/2000	46
33	10. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um efnislegar sam- keppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahags- svæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum	46-48
34	11. jan.	Auglýsing sveitarstjórnar um samþykkt á breytingu á deili- skipulagi við Hvammsgötu o.fl. í Vogum, Vatnsleysu- strandarhreppi	48

